

SMÁRI



Ársskýrsla Æskulýðsnefndar
Hestamannafélagsins Smára

2015

Stutt samantekt:

Æskulýðsnefndin var skipuð á aðalfundi Smára í janúar 2015 og tók hún fljótlega til starfa og skipulagði dagskrána fyrir árið. Starfið er hefðbundið að miklu leyti þar sem fastir liðir eru ávallt á dagskrá. Mikil áhersla var áfram lögð á nýliðun á þessi ári og skilaði það sér í fjölda nýrra meðlima.

Uppsveitadeild Æskunnar er þriggja móta röð sem fer fram í mars-apríl og var keyrt reiðnámskeið með áherslu á keppni samhliða henni. Reiðskóli fyrir byrjendur var starfræktur í reiðhöllinni á Flúðum í apríl-júní en það er nýbreytni sem féll vel í kramið. Farin var helgarferð í Hestheima, tekið þátt í afmælishátíð hestamannafélagsins og heimsmeistarakeppnin í Brokk og Skokk haldin í þriðja sinn svo tæpt sé á helstu viðburðum.

Þátttaka í viðburðum æskulýðsnefndar hefur verið vaxandi og mikinn velvilja gagnvart starfi nefndarinnar er víða að finna í samfélaginu

Í Æskulýðsnefnd Smára sitja:

Meike Witt, formaður

Ragnar Sölvi Geirsson

Guðbjörg Jóhannsdóttir

Sigurður Unnar Sigurðsson

Bjarni Birgisson

Elín Moqvist

Ítarlegt yfirlit viðburða

Haustferðin, nóvember 2014

Lokaverkefni síðustu æskulýðsnefndar var hin árlega haustferð. Þann 7. nóvember 2013 fengu börn og unglingar að kynna starfsemi á hrossaræktarbúum á Suðurlandi. Þáttakendur voru 33 og fylltu eina rútu.

Að þessu sinni var farið fyrst að Vesturkoti á Skeiðum þar sem Spuni var tekinn til kostanna og síðan að Laugarbökum í Ölfusi. Ferðinni lauk í pizzaveislu á Kafé Mika í Reykholti. Staðarhöldurum öllum eru þakkaðar hlýjar móttökur.

Reiðnámskeið, febrúar – maí

Reiðhöllin á Flúðum er helsti vettvangur vetrarstarfs æskulýðsnefndar. Haldið var reiðnámskeið undir styrki stjórn Guðrúnar Magnúsdóttur þar sem áhersla var lögð á undirbúning fyrir keppni. Námskeiðið var keyrt samhliða Uppsveitadeild æskunnar og voru þáttakendur 15 talsins á aldrinum 9 – 13 ára. Flest þessara krakka tóku svo þátt í uppsveitadeildinni með góðum árangri, sum hver að þreyta frumraun sína á keppnisvöllinum.

Uppsveitadeild Æskunnar, mars – apríl - maí

Uppsveitadeild Æskunnar á nú fastan sess í mótahaldi hestamannafélaganna í uppsveitum Árnessýslu. Þar kepptu að þessu sinni félögin Logi og Smári í þriggja-mótaröð þar sem safnað er stigum bæði fyrir knapana og félögin. Mikill undirbúningur er ávallt fyrir mótaröðina og var boðið upp á æfingatíma með reiðkennara fyrir öll mótin. Æfingatímarnir voru skipulagðir samhliða reiðnámskeiðinu.

Þáttakendur frá Smára voru 14 talsins, þar af 10 í barnaflokki. Er það gleðiefni hversu vel börnin skila sér inn á keppnisvöllinn. Úrslit mótaraðarinnar má sjá í heild sinni á næstu síðu. Stigahæstir Smáarakrakka voru Einar Ágúst Ingvarsson í unglingaflokki og Aron Ernir Ragnarsson í barnaflokki. Smári sigraði heildarstigakeppnina að þessu sinni.

STIGASÖFNUN			Þrig	Fjórg	Fimmg	Tölt	Smali	Skeið	Samtals
Börn									
1	Aron Ernir Ragnarsson	Smári	10	7		10	10		37
2	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	7	10		8	8		33
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	6	9		9	9		33
4	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	9	6		7	7		29
5	Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	8	4		3	6		21
6	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	5	5		6	5		21
7	Valdís Una Guðmannsdóttir	Smári		8		4	3		15
8	Sigurinn María Sigurðardóttir	Smári	4			5	2		11
9	Þórhildur Júlía E Sæmundsen	Logi					4		4
10	Anna Lovísa Duerholt	Smári					1		1
11	Óskar Snorri Óskarsson	Smári							
Unglingar									
1	Sölvi Freyr Freydísarson	Logi		10	5	10	9	7	41
2	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi		9	8	7	6	10	40
3	Sigríður Magnea Kjartansdóttir	Logi			10	8	10	8	36
4	Karitas Ármann	Logi		8	7	4	8	9	36
5	Eva María Larsen	Logi		7	9	9	4	6	35
6	Einar Ágúst Ingvarsson	Smári		5	6	5	3	5	24
7	Helgi Valdimar Sigurðsson	Smári		6	4	3	5	3.5	21.5
8	Viktor Máni Sigurðsson	Smári		4		6	7	3.5	20.5
9	Hanna Winter	Smári		3		2			5
Smári			49	67	10	68	66	12	272
Logi			0	34	39	38	41	40	192

Lokastaðan í stigakeppni Uppsveitadeildar æskunnar 2015



Smárakrakkar tilbúnir til keppni



Vígrefir keppendur Smára í Uppsveitadeild æskunnar hampa bikarnum



Styrktaraðilar Uppsveitadeildar æskunnar

Reiðskóli, apríl – maí – júní

Settur var á laggirnar reiðskóli í reiðhöllinni þegar reiðnámskeiði keppniskrakkanna lauk. Um var að ræða sjö skipti þar sem allt var útvegað sem til þurfti. Þetta fyrirkomulag hentar sérstaklega vel byrjendum og þeim sem ekki hafa aðgang að hestum. Þorsteinn og Arna í Syðra-Langholti voru í hlutverkum skólastjóra og kennara. Innifalið í reiðskólanum var þáttaka í firmakeppni félagsins 1. maí auk útreiðatúrs við skólaslit. Þátttaka var svo mikil að tvöfalda þurfti skólann, 20 krakkar tóku þátt og var skipt í fjóra hópa.



Hluti nemenda reiðskólans ásamt kennara sínum Þorsteini Gunnari Þorsteinssyni í Syðra

Afmælishátíð Smára 1. maí

Börnin tóku virkan þátt í hátíð sem stofnað var til af tilefni 70 ára afmælis hestamannafélagsins. Þaulæfð skrautsýning krakkanna var aðalatriði hátíðarhaldanna og gerði stormandi lukku meðal allra viðstaddra. Eftirfarandi vísa varð þá til (Magga í Túnsbergi):

Þó að úti sé rigning og rok
eða rjúkandi mold niðri kok
get ég komið hér inn
með klárinn minn
og skemmt mér við skólalok.

Ég hnakkinn á Sóma minn set
svo endalaust margt sem ég get
Að skella á skeið
sko beinustu leið
en stundum ég hægi á fet.



Lokaatriði afmælishátíðarinnar

Hestheimarferð, maí

Helgarferð í Hestheima hefur verið árlegur og vinsæll viðburður og var stofnað til hennar helgina 29-31. maí í samstarfi við hestamannafélagið Loga. Krakkarnir fóru í reiðtúra, fengu bóklega kennslu hjá fulltrúum æskulýðsnefndanna og reiðkennslu hjá Guðmanni Unnsteinssyni reiðkennara frá Langholtskoti. Jafnframt kynntust þau hvort öðru og skemmtu sér og léku saman. Haldnar voru spurningakeppnir, keppni í hestahárgreiðslu og í lokin var sýnd skrautreið sem krakkarnar hönnuðu sjálf. Sýnir þetta vel hvernig félögin geta unnið saman að góðum málum í Uppsveitunum.



Myndir úr hestheimaferðinni

Heimsmeistarakeppnin í Brokk og Skokk, júní

Þann 21. júní hélt Hestamannafélagið Smári í samvinnu við ungmennafélögin á svæðinu keppni í Brokk og Skokk í Skaftholtsréttum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Er þetta í þriðja sinn sem keppnin er haldin.

Sú keppni er að upplagi hugmynd sem fæddist innan Æskulýðsnefndar Smára og hefur slegið rækilega í gegn.

Keppt var í tveimur flokkum, í barna-og fjölskylduflokki annarsvegar og í íþróttaflokki hins vegar. Fjölskylduhringurinn er tveggja kílómetra langur en íþróttahringurinn ríflega sex kílómetrar.

Brokk og Skokk gengur út á það að sett er saman lið með einum hesti og tveimur knöpum. Knapar skiptast á að vera á hestbaki og hlaupa á milli skiptistöðva sem settar eru upp með ákveðnu millibili. Hér skiptir taktík miklu máli og þurfa keppendur að skipuleggja sig vel til þess að ná sem bestum árangri. Í fjölskylduhring er heimilt að teyma undir börnum yngri en 8 ára allan hringinn. Í íþróttahringnum voru fimm skiptistöðvar og var skylt að skipta um knapa á að minnsta kosti fjórum þeirra.



Fríður og föngulegur hópur þátttakenda í Brokk og skokk

Þáttakendur voru 54 og skipuðu 27 lið. Þetta er gríðarleg fjölgun á milli ára en liðin í fyrra voru 13. Hér keppa allir sem vettlingi geta valdið, frá langömmum niður í leikskólabörn.

Heimsmeistarar í Brokk og skokk 2015 eru:

Íþróttahringur

1. Einar Ágúst Ingvarsson – Valdimar Ingvarsson – Prins frá Fjalli
2. Vala Einarsdóttir – Anna Birta Jóhannesdóttir – Stika frá Egilsstöðum
3. Lára Bjarnadóttir – Gunnlaugur Bjarnason – Seifur frá Stekkjum

Fjölskylduhringur

1. Eriður Gestsson – Helga Kristín Eiríksdóttir – Dropi frá Minna-Hofi
2. Haukur Vatnar Viðarsson – Alda Sól Hauksdóttir – Funi frá Ásum
3. Kolbeinn Loftsson – Bryndís Einarsdóttir – Marta frá Hestheimum

Að keppninni lokinni var öllum keppendum og hjálparliði boðið upp á grillaðar pylsur og kókómjólk.

Frá byrjun hefur ávallt verið lagt mikið kapp á að tryggja öryggi knapa og hesta og hefur Landstólpi ehf. útvegað gul öryggisvesti bæði fyrir keppendur og hjálparlið. Keppendur og hjálparlið fengu að eiga vestin til einkaafnota eftir keppni. Björgunarsveitirnar á svæðinu voru fengnar til að loka veginum á meðan á keppninni stóð. Styrktaraðilum er þakkaður stuðningurinn

Myndir og myndbönd segja meira en 1000 orð og bendum við hér með á fésbókarsíðu Brokk og Skokk :

<https://www.facebook.com/groups/567062360068945/>

Unglingareiðtúrin, ágúst

Boðað var til unglingareiðtúrs og grillveislu 29. ágúst. Þar sem þessi viðburður skaraðist heiftarlega við aðra viðburði sem voru á döfinni hjá unglingunum náðist ekki þáttaka og var honum því aflýst að sinni.

Hauststarfið ...

Framundan hjá æskulýðsnend er hin árlega haustferð sem farin verður í samvinnu við Logakrakka 30. október að þessu sinni. Einnig fræðslufundur í nóvember þar sem Guðríður Eva Þórarinsdóttir dýralæknir verður með fræðsluerindi fyrir krakkana.

Hefðbundið mótahald

Vert að geta þess að hefðbundið mótahald hestamannafélagsins er í miklum blóma. Keppt er í barna, unglinga og ungmennaflokkum á mótum sem haldin eru án beinnar aðkomu æskulýðsnefndar. Þar má nefna vetrarmótaröðina, töltmótið í apríl, firmakeppnina 1. maí, keppni á Íslandsmóti og gæðingamót Smára í júlí.



Smárakrakkar á Íslandsmóti 2015

Styrktaraðilar

Öllum þeim fjölmörgu sem styrkt hafa æskulýðsstarf Smára á einn eða annan hátt er þakkað hjartanlega fyrir samstarfið.

Æskulýðsnefnd Smára